

Til:

Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Frá:

Samtök smærri útgerða
Pósthólf 102
355 Snæfellsbæ
ssu@ssu.is

Snæfellsbæ, 3.2.2022

Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir skipa , 185. mál.

Vísað er til umsagnar frá því í apríl 2021. Hér koma aðeins viðbætur við fyrri umsögn.

1. SSÚ vill ítreka að útvist skips segir ekkert til um hvíldartíma eins og fram kemur í fyrri umsögn.
2. Við viljum benda á að nú er boðið upp á námskeið í Tækniskólanum sem kallast Hásetafræðsla. <https://tskoli.is/namskeid/hasetafraedsla/>. Markmiðið með því er að nemendur öðlist fræðslu og þjálfun til að uppfylla sett lágmarksskilyrði til útgáfu skírteinis til varðstöðu í brú á stoðsviði. Slíkt námskeið teljum við til mikilla bóta og dugi fyllilega á smáskipum, í stað þess að krefjast tveggja manna um borð með skipstjórnar og vélstjórnarréttindi fari útvist skips yfir 14 tíma.

F.h. Samtaka smærri útgerða

Örvar Marteinsson
formaður